



Við áttum okkur draum 1973



Sléttuvegur 11-13, Aflagrandi 40, Dalbraut 14-16, Dalbraut 18-20, Sléttuvegur 19-23 og Bólstaðarhlíð 41-43-45.

- Að reisa með sem hagkvæmstu kjörum íbúðir eða íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota, ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.
- Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum, enda starfi

- hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- Að útvega lán til byggingarfræmvaðna sem félagið annast.
- Að vinna að öðrum velferðarmálum aldraða.

415 íbúðir hafa verið byggðar, fyrir félagi

í Samtökum aldraða, því eigum við enn óra langt í að sinna draumum um 2000 annarra félaga. Þess vegna þarf að auka kraft og þor Samtaka aldraða til að takast á við nýjar framkvæmdir eða yfirtöku. ef slíkt leiðir til verðlækkunar í þeim óvenjulegu aðstæðum sem nú ríkja á fategnamarkaði. Allt þarf að skoða vega og meta af félögum samtakanna með þeim gegnsæja vinnuferli sem lögum um Byggingarsamvinnufélög mæla fyrir um.



Sléttuvegshverfið 2011 með húsunum 29-31.

Jú, draumar geta ræst!



Jón Aðalsteinn Jónasson

Nú eru við á tímamótum þegar heiðursmaðurinn Jón Aðalsteinn Jónasson -veruleikatengdasti draumóramaðurinn í stjórn samtakanna, og fjárreiðu snillingur okkar síðustu tvo áratugi hefur skilað af sér verki og sest nú á friðarstól í 30m² íbúð sinni á Hrafnistu.

Meira um hans afrek síðar, en kærar þakkir og velferðaróskir frá Samtökum aldraða



Kópavogstún 2-4 í Kópavogi

Samtök aldraða hafa á undanförunum vikum átt í viðræðum við byggingarfélagið Dverghamra ehf. um byggingu á fjölbýlishúsi fyrir aldraða, 60 ára og eldri, á lóð félagsins við Kópavogstún 2-4, í Kópavogi. Sú vinna hefur gengið vel í sátt og samvinnu við bæjaryfirvöld í Kópavogi. Lokið er við frumdrög að teikningum og skilalýsingu fyrir bygginguna. Það er skoðun allra hlutaðeigandi að staðsetning eignarinnar, skipulag íbúða og skilalýsing uppfylli þær ríku kröfur sem Samtökin gera varðandi allan aðbúnað fyrir félagsmenn sína.

Um er að ræða 28 íbúðir 78-190fm. fullbúnar íbúðir með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél í sex hæða lyftuhúsi. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymsla og sérgeymsla.

Lóðin er á svokölluðum Landsspítalareit við hlið hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíð og í göngufæri við Sundlaug Kópavogs. Einnig er stutt í aðra góða þjónustu fyrir aldraða, s.s. í Hamraborg.

Í síðasta Fréttabréfi var byggingarflokkurinn kynntur tæknilega og meðfylgjandi var viljayfirlýsingareyðublað fyrir félagsmenn um þátttöku í byggingarflokknum sem kallaður er Kópavogur 1. Gefin var langur svarafrestur vegna sumartímans en 72 félagar svöruðu. Fyrir þá sem svöruðu var haldinn fundur þar sem ítarlegar tæknilegar og fjárhagslegar upplýsingar voru lagðar fram. Fyrsti valfundur ákveðinn 14. september 2011. Á þann fund mættu 36 félagar og 19 íbúðir valdar. Niðurstaðan er að valfundarskilyrðum sé fullnægt og að fullnaðarhönnun ljúki sem fyrst og ónotaður byggingaréttur falur öllum félögum án félagsaðildarkvaða. Framkvæmdir hefjast í nóvember 2011.

Landsbankinn mun veita byggjendum, sem þess óska brúarlán allt að 80% byggingar -kostnaðar á 7.5% óverðtryggtum vöxtum, meðan á framkvæmdum stendur. Kaupsamningur verður gefin út og þinglýstur við greiðslu staðfestingargjalds.

Fjöldi eldri borgara

Í nýlegum mannfjöldaspám hefur verið miðað við að 8% til 10% mannfjöldi á Íslandi sé 67+ undanfarin ár, en verði líklega um 17% 2030 og um 19% 2050. Ef við gefum okkur að Íslendingar verði 375 þús. 2050 verða 67+ um 71.400. Árleg aukning undanfarið hefur verið rúmlega 1% en stefnir í 3% um 2020, en tekur svo að lækka aftur að 1%. Forsendur framreikningsins eru: Gert er ráð fyrir að meðalævilengd kynjanna hækki jafnt og þétt yfir tímabilið 2003–2042 og verði orðin í lok þess 82,1 hjá körlum og 84,8 hjá konum. Í dag er meðalævi-lengd karla 77,6

ár og hjá konum 81,4 ár. Reiknað er með að hver kona fæði að meðal-tali 2,05 börn á tímabilinu 2003–2042, en það er meðaltal árunna 1996–2000.

Nú 2011 erum við sem erum 67+ um 27 þús. Á þessu ári hefur hjúkrunarrýmum fækkað um 140 m.a. vegna einsetningar. En nú í september 2011 þegar ríkisstjórn hefur ákveðið að bregðast við í tíma væla bæði stjórnarandstaðan og ríkisendurskoðandi um að átakið sé væntanlega bókhaldssvindli. Hvað er að þessum mönnum????.

Húsin Sléttuvegi 29-31

Segja má að lokauppgjör við verktaka sé að ljúka, aðeins eftir hreinsna burt kostnaðar-skiptingu verktaka og verkkaupa vegna viðaukaverka og breytingarverka, en þeirri vinnu fleygir fram. Allir þeir íbúðareigendur sem ritstjóri hefur rætt við hafa lýst yfir ánægju með vandaða og fallega húsgerðarlist arkitektsins og faglega unnin verk verktaka og undirvertaka og vönduðum viðskilnaði. **Kærar þakkir Guðfinna Thordarson og Atafi.**



Hvað vilja aldraðir?

Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir bæjarstjórn Árborgar vorið 2002 komu fram óskir aldraðra. Svarhlutfall í þessari könnun var 77% sem bendir til þess að niðurstöður séu áreiðan-legar. Svör fengust frá 77 íbúum en meðal- aldur þeirra var 76,2 ár, konur 60%, en karlar 40%. 73% svarenda eru giftir eða í sambúð en aðrir búa einir.

Húsnæðismál

Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu vilja búa sem lengst heima, með eða án heima þjónustu, eða 86%. Næsti kostur, sem rúmlega 10% kusu, er þjónustuíbúð, þar sem borguð eru þjónustugjöld, með sólarhrings viðveru þjónustufólks. Fæstir, eða 1%, vilja vera á dvalarheimili sem rekið er á daggjöldum frá ríkinu. Þessi niðurstaða er mjög í anda þess sem aðrar kannanir á Íslandi og á Norðurlönd-unum hafa leitt í ljós. Því hefur stefna í öldrunarþjónustu verið að þróast í þá átt að aldraðir geti búið sem lengst heima með heimaþjónustu og síðan í þjónustuíbúðum þar sem íbúar greiða fyrir þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

Sunnuhlíðarsamtökin

„Það á ekki að ráðstafa gömlu fólki eins og hlutum“. Eldri kynslóðin hefur byggt upp allt sem er í þessu landi nú, staðið undir kostnaði við hafnargerð, vegina, atvinnutækin með sínu vinnuframlagi. Það á að hafa rétt á því að lífa sín efri ár með reisn og fá að halda fullum sjálfsákvörðunarrétti. Það er lykilatriði ef við ætlum að halda uppi þessu þjóðfélagi. Það á ekki að skylda eldri borgara til að búa í litlum íbúðum ef þeir hafa efni á stærra og vilja til að búa stærra. Verndaðar þjónustuíbúðir eru framtíðarlausnir í mínum huga, þar sem menn eiga að fá eðlilega aðstoð eins og sjálfsagðan hlut en ekki eitthvert náðar- brauð“. Þetta kemur fram í viðtali við Ásgeir Jóhannesson formann Sunnuhlíðar- samtakanna sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 29. september, 1990. „Það sem skiptir sköpum í framtíðar upp- byggingu og skipulagi í þessu er að fólk hafi skilning á því að það er flestum fyrir bestu að búa á eigin vegum, því það er ekki góður kostur að þurfa að lenda inni á stofnun þegar fólk hefur kannski tiltölulega góða heilsu. Því líður ekki vel innan um mikið veikt fólk ef það er sjálfbjarga að mestu leyti. Í vernduðum íbúðum eins og hér geta þeir valið þjónustuna og hafnað án þess að fórn einu né neinu af sínum karakter. Og svo er þetta langóðyrast fyrir samfélagið, ekki síst frá byggðasjónarmiði. Við verðum líka að fylgjast með tímanum. Þegar ég var ungur maður í skóla eða vinnu þótti gott að fá herbergi með öðrum. Nú sættir ungt fólk sig ekki við minna en litla íbúð. Það sama gildir um eldri borgarana. Og hverjir eiga betur skilið en þeir að búa við skuldlaust, gott og skemmtilegt ævikvöld,“ sagði Ásgeir Jóhannesson í lok viðtalsins.

Ásgeir Jóhannesson, var þá einnig formaður nefndar sem félagsmálaráðherra hafði skipaði í febrúar 1990 til að gera drög að tillögum um fimm ára framkvæmdaáætlun í húsnæðismálum aldraðra í hverju kjördæmi á Íslandi. Þessi nefnd hafði skilað sínu áli og ýmsar upplýsingar úr skýrslunni voru birtar í viðtalinu, meðal annars um tillögur um byggingu þjónustuíbúða í öllum kjördæmunum næstu fimm árin og gera þær ráð fyrir að byggðar verði 3.118 íbúðir, og skiptist þannig á landshlutana: Reykjavík 1960, Reykjanes 309, Vesturland 116, Vestfirðir 55, Norðurland vestra 124, Norðurland eystra 264, Austurland 141, Suðurland 149.

Vakin er athygli á því í skýrslunni að Sunnuhlíðarsamtökin hafi tekið upp nýtt form hvað varðar fjármögnun og eigna fyrirkomulag fyrir eldri borgara. Þar sé ávallt gert ráð fyrir að íbúðir séu af mismunandi stærð og á hóflegu verði. Rífið er upp að Sunnuhlíðarsamtökin gerðu sérstakan samning við Búnaðarbankann um að bankinn annaðist ráðgjöf og lánabyrir-greiðslu til skamms tíma til þeirra sem það þyrftu vegna íbúðaskipta. Jafnframt var gerður samningur við Kópavogsskaupstað um að bærinn fengi 10 prósent af öllum byggðum íbúðum samtakanna til ráðstöfunar og leigu fyrir aldraða. Bærinn annast greiðslu vaxta og afborgana af lánum en hinir öldruðu greiða leigu fyrir afnot hennar og þurfa þar af leiðandi ekki að stofna til skulda.

Á skýrslunni má ráða að nýjar leiðir Sunnuhlíðarsamtakanna hafa mælst vel fyrir og líklegt að fetað verði í ríkara mæli inn á þær brautir á næstunni.

Ásgeir sagði að við stofnun samtakanna 1978 hafi vitanlega verið ígrundað hvaða leiðir skyldi velja til að leysa úr húsnæðismálum eldri borgara í Kópavogi. Á stofn-fundi hefðu tvær leiðir einkum komið til tals. Annars vegar sú hefðbundna að skora á ríki og sveitarfélög að gera úrbætur. Hins vegar að gera eitthvað sjálf og var sú leið valin. „Tekin var ákvörðun um að nýta samtakamátt félagasamtaka í bænum og allra Kópavogsbúa og hann reyndist meiri en við höfðum þorað að vona,“ sagði Ásgeir.

„En samtökin létu ekki aldeilis staðar numið þegar hjúkrunarheimilið hafði risið af grunni og var tekið til starfa. Þá kom röðin að barnaheimili starfsfólks og þar næst fyrsti áfanginn í þjónustuíbúðunum. Hugmyndin byggði á þeirri skoðun forráðamanna að íbúar gætu sjálfir valið sér íbúð og tilfærsla úr fyrra húsnæði færi fram án þess að viðkomandi stofnuðu sér í langtímaskuldir hvort sem þeir hefðu átt íbúðir fyrir eða ekki“, skrifar blaðamaður Mbl., í lok viðtalsins. Skiljanleg aðdáun á kraftaverkinu sem Sunnuhlíðarsamtökin höfðu staðið fyrir.

Það er athyglisvert að velja því fyrir sér í ljósi aðstæðna nú, hvað Sunnuhlíðar-samtökin, komu mörgu í verk, með að byggja og reka þjónustuíbúðir, hjúkrunar-heimili og þjónustumiðstöð, meðan völdug sveitarfélög áttu fullt í fangi með slík verkefni. Sunnuhlíðarsamtökin voru og eru kraftaverkastofnun og stærsta menningarafrek Kópverja hingað til.

Samtök aldraðra óskar Sunnuhlíðarsamtökunum velfarnaðar í sínu þýðingarmikla starfi

Fyrsta skóflustunga Sléttuvegi 29-31



*Þetta tókst! Heiðursmenn,
Sr. Ólafur og Vilfhjálmur Þ.*



Sléttuvegur 29-31

Lóðin að Skógarvegi 16; þar sem við erum enn á biðlista

Eins áður hefur fram komið var sótt um lóðina Skógarvegur 16 sem borgarráð afgreiddi til umsagnar embættismanna. Í framhaldi viðræðna sem formaður átti við Ágúst Jónsson skrifstofustjóra framkvæmdar sviðs borgarinnar nú í mars byrjun, er umsókn endurnýjuð og komin á fullt skrið í borgarkerfinu og væntum við þess að umsókninni verði svarað jákvætt, því eftirspurn er mikil. Lóðin rúmar 20 íbúðir.



Lýsing á arkitekts af fyrirhuguðu húsi

„Samkvæmt gildandi deiliskipulagi, þá má reisa á lóðin að Skógarvegi 16 þriggja hæða fjölbýlishús auk bílakjallari.

Fjöldi fyrirhugaðra íbúða í húsinu er 17 talsins um 120m² hver auk rýmis/salar undir sameiginlega aðstöðu. Þannig yrðu um sex íbúðir á hvorri efri hæðanna en fimm á þeirri neðstu auk sameiginlega rýmisins. Fyrir-komulag íbúða og aðgengi að þeim yrði um lokaðan svalagang frá norðri, en sjálfar myndu íbúðirnar opna sig til suðurs en á þeirri hlið yrðu veglegar svalir. Stigahús og lyfta yrði norðanmegin við húsið og tengjast göngum.

Í kjallara sem í er ekið úr austri, yrði eitt bílastæði auk rúmgóðrar geymslu fyrir hverja íbúð. Tækni og inntaksrými yrðu einnig í kjallara, sameiginleg geymslu fyrir dekk og fleira auk aðstöðu til þvotta á bifreiðum. Tuttugu og sjö bílastæði eru norðan við húsið, þar af fimmtán bílastæði á lóðinni sjálfri.

Húsið er fyrirhugað að einangrað að utan, gluggar verði timbur-álguggar og á svölum verði glerlokanir.

Frágangur og skil íbúða verður í takt við það sem tíðkast hefur við seinustu hús ofar í hverfinu.“



Viðaukalóð í Bólstaðarhlíð

Hjá Reykjavíkurborg er nú unnið ötullega að því að leysa lóðarhluta til baka og með nauðsynlegu deiliskipulagi og skapa pláss fyrir tvö 60 íbúða húsa, annað með sjálfseignaríbúðum og hitt fyrir borgina



Bólstaðarhlíð 41-43-45, 43 ATH er þjónustusel Reykjavíkurborgar fyrir Hlíðarhverfið.



Bólstaðarhlíð 41

Bréf frá Reginn ehf, móttakið 1. október.

Eins og við höfum kynnt ykkur þá er Reginn ehf. orðinn eigandi að byggingarreitnum Einholt / Þverholt. Við höfum frá síðasta vori verið að vinna að því að koma framkvæmdum af stað og hugmyndavinnu í tengslum við mögulega endurskoðun á uppbyggingu verkefnisins. Að þeirri hugmyndavinnu hafa komið aðilar eins og Félagsstofnun stúdenta, Samtök aldraðra o.fl. Í maí var áður samþykkt deiliskipulag fellt úr gildi vegna formgalla í samþykkt. Tilkynningar vegna niðurfellingar byggingarleyfis barst okkur ekki fyrir en í haust. Þannig að við erum á byrjunarreit með uppbygginguna. Næsta skref, sem er hafið, er að setjast niður með skipulagsyfirvöldum og skapa farveg og vettvang til að vinna að endurskoðun á skipulagi reitsins í sem mestri sátt við umhverfi og hagsmunaaðila.

Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þessum reit bæði frá verktökum og þróunaraðilum sem og frá ýmsum samtökum og félögum sem vilja kaupa fullbúnar íbúðir. Af þeirri ástæðu m.a. þá ætlum við að auglýsa eftir samstarfsaðilum í fjölmíðlum á morgun. Auglýsingin er hér meðfylgjandi svo þið getið kynnt ykkur efni hennar áður en hún birtist. Það er okkar hugmynd að fá til samstarfs öfluga aðila (verktaka / þróunaraðila) sem geta síðan unnið með okkur að frekari þróun verkefnisins, uppbyggingu og sölu. Vinna við þróun þess þarf að sjálfsögðu að vinna með hagsmunaaðilum eins og nefnt er hér að ofan. Við höfum hug á því að vinna í þessu máli eins hratt og við getum, þetta er uppbyggingareitur í hjarta Reykjavíkur og það er eftirspurn og þörf fyrir verkefni eins og þetta. Við leyfum okkur að ganga út frá því að þið vinnið áfram með okkur að uppbyggingu á þessu svæði.



Þá eru einnig í gangi viðræður við Eykt og Reginn um samnýtingu lóða og nýtt hús á Norðurbakka í Hafnarfirði. Lóð við Einholt og Þverholt eign Regins

Úthlutun lóða til félaga og samtaka eldri borgara fyrir íbúðir Reykvíkinga 67 ára og eldri 2. júní, 2009

Meginmarkmiðið er að stuðla að uppbyggingu sérhannaðra íbúða á góðum kjörum fyrir eldri borgara í Reykjavík. Þjónustustig í íbúðunum getur verið mismunandi. Tryggja þarf að íbúðir sem byggðar eru verði áfram seldar á kostnaðarverði þegar þær skipta um eigendur. Hagur Reykjavíkurborgar er að eldri borgarar búi í húsnæði sem er sérhannað með tilliti til þarfa þeirra, þannig að fólkíð geti búið sem lengst heima.

1. kafli - lóðir

- a) Auk þessara sérskilmála gilda deiliskipulagsskilmálar og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar um
- b) Af lóðum greiðist almennt gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir byggingarréttinn.
- c) Úthlutun lóða er með kvöð þess efnis að um er að ræða íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir þar sem tekið er mið af þjónustustigi íbúða og þjónustuþörf. Sjá meðfylgjandi skilgreiningar.
- d) Leigusamningur verður ekki gerður um lóðina fyrr en lokið hefur verið við að steypa sökkla og plötu húss og eftir atvikum einnig bílageymslu sem er neðanjarðar.
- e) Áður en úthlutun lóðar fer fram skulu aðilar sýna borgaryfirvöldum fram á fjárhagslega burði til þess að byggja íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir sem úthlutun þessi fjallar um annaðhvort með yfirlýsingu fjármálastofnunar eða byggingarfélags sem borgaryfirvöld samþykkja.
- f) Engin fyrirheit eru um neins konar fjárframlög úr borgarsjóði til byggingar eða reksturs þjónustu- og öryggisíbúða á úthlutaðri lóð né þjónustumiðstöð.

2. kafli – íbúðir

- a) Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis, að Reykjavíkurborg hafi rétt á að taka á leigu eða kaupa allt að 20% íbúða samkvæmt sérsamningi.
- b) Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis að sá sem hefur keypt íbúð eldri borgara, þjónustu- og/eða öryggisíbúð að tilhlutan Reykjavíkurborgar, félags og/eða samtaka aldraðra skuli strax og hann vill selja, bjóða viðkomandi félagi eða samtökum eða Reykjavíkurborg (í þessari röð) að kaupa eignina. Ef þeir vilji ekki kaupa fyrir framreiknað kostnaðarverð (sbr. c-lið) þá sé honum heimilt að selja eignina til utanaðkomandi kaupanda. Aldursmörk (sbr. d-lið) gilda gagnvart kaupandanum og skal hann vera félagi í viðkomandi félagi eða samtökum aldraðra.
- c) Söluverð íbúða má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar, að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.
- d) Í þessum skilmálum er miðað við að eldri borgari hafi náð 67 ára aldri.
- e) Þær íbúðir sem Reykjavíkurborg kaupir eða leigir samkvæmt a-lið verður úthlutað samkvæmt mati Reykjavíkurborgar þar sem tekið er tillit til líkamlegs og andlegs heilsufars umsækjanda, aldurs, félagslegra aðstæðna og húsnæðisstöðu.
- f) Samtök eða félög eldri borgara sem fá úthlutað lóðum skulu setja sér reglur um úthlutun á kauprétti.

Hús Landsbankans, Norðurbakka Hafnarfirði

Í gangi er viðræður við Landsbankann, Eykt og Regin, um samnýtingu lóða og ný hús á Norðurbakka í Hafnarfirði.



Nýtt hús Eyktar Norðurbakka Hafnarfirði



**Nú er að duga eða drepast!
67+ voru um 26.000 í desember 2010 en
verða um 60.000 í desember 2030.**

Hús Atafis Norðurbakka Hafnarfirði



Sölulisti notaðra íbúða



Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-02 er til sölu. Íbúðin er 69,1 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Parket þarfnast lagfæringar. Korkflísar á herbergjum og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Eletrólux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu.

Svalir eru lokaðar með gleri í álprófilum. Gólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í austur og suður.

Framreiknað verð er kr 20.320.000,-
Miðast við byggingarvísutölu í feb. 506,6 stig.
Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Húsgjald er kr 15.027,- á mánuði.

Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 10. hæð, merkt 10-05 er til sölu. Íbúðin er 69,0 m². Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, herbergi, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni.

Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með vinyldúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi er í sturtuhorni. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfíð er flísalagt. Svölum er lokað með einföldu gler í álrömmum. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur og norður.

Framreiknað verð er kr 20.420.000,-
Miðast við byggingarvísutölu í feb. 509,0 stig.
Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Húsgjald er kr _____,- á mánuði.



Dalbraut 18 íbúð 0305

- 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-05 er til sölu. Íbúðin er 52,0 m².
- Geymsla eru innan íbúðar. Geymsla er einnig í kjallara 6,8 m².
- Beykiparket er á stofu, eldhúsi, svefnherbergi. Korkflísar á geymslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuklefi úr áli og hertu gleri.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Rafha vífta.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.
- Svalir/Sóluskáli Svalir eru lokaðar með tvöföldu renndu opnanlegu gleri í álprófilum.

Framreiknað verð er kr 18.480.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 555,1 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Dalbraut 20 íbúð 0205

- 2ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-05 er til sölu. Íbúðin er 52,0 m².
- Geymsla eru innan íbúðar. Geymsla er einnig í kjallara 6,7 m².
- Korkflísar eru á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og geymslu. Vinyldúkur á baði.
- Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki.
- Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni.
- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tenging er fyrir þvottavél. Sturtuklefi.
- Electrolux eldavél með fjórum hellum. Electrolux háfur.
- Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara.

Framreiknað verð er kr 18.330.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 555,1 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.



Bólstaðarhlíð 45 íbúð 0703

- 2ja herbergja íbúð á 7. hæð, merkt 07-03 er til sölu. Íbúðin er 42,9 m².
- Sérgeymsla er á gangi 7. hæð.
- Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi er nýlegt eikarparket. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting er nýleg, spónlögð með eikarspæni.
- Fataskápar eru spónlagðir með ljósum spæni.
- Nýleg innrétting á baði. Tenging fyrir þvottavél.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.
- Íbúðin er í ágætu standi. Glæsilegt útsýni er í austur og suður.

Framreiknað verð er kr 17.165.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 2011, 555,1 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Bólstaðarhlíð 41 íbúð 0103

- 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, merkt 01-03 er til sölu. Íbúðin er 85,4 m².
- Sérgeymsla er innan íbúðar.
- Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket, fínstafa. Korkflísar á herbergjum.
- Vinyldúkur á baði og geymslu.
- Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagðar með ljósum spæni.
- Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara.

Framreiknað verð er kr 24.340.000,-.

Miðast við byggingarvísutölu í ágúst 2011, 555,1 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.